

Sólrún Inga Traustadóttir
Almar Smári Óskarsson
Anna Soffía Ingólfadóttir
Björn Ari Örvarsson
Ísak Freyr Valsson
Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir
Katrín Alda Ámundadóttir
Snædís Sunna Thorlacius

Fornar rætur Árbæjar - Fornleifarannsókn

Áfangaskýrsla 2019



Reykjavík 2020
Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 202



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur – Árbæjarsafns.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.
Ritstjórn: Sólrún Inga Traustadóttir og Angelos Parigoris.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

© Háskóli Íslands

© Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfssdóttir, Björn Ari
Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda
Ámundadóttir og Snædís Sunna Thorlacius.

Forsíðumynd: Nemendur standa við holur sem fundust á svæði A og er eftir timbursvið
frá hátíð verslunarmanna einhvertímann á árunum 1929-35.

Ljósmyndir í þessari skýrslu eru teknar af höfundum eða starfsmönnum
rannsóknarinnar árið 2019, nema annað sé tekið fram.

Kort: Ómar Valur Jónasson og Margrét Valmundsdóttir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn

Skýrsla nr. 202

Reykjavík 2020

Öll réttindi áskilin

Grunnupplýsingar

Leyfisnúmer: 201606-0078

Þjóðminjasafnsnúmer: 2019-36

Verkefnanúmer Fornminjasjóðs: 201903-0085

Stutt lýsing rannsóknar: Rannsókn á bæjarstæði Árbæjar. Upphaf búsetu og þróun bæjarins frá öndverðu.

Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn og nemendauppgröftur.

Staðsetning: Árbæjarsafn, Kistuhyl 4, 110 Reykjavík, Suðurland

GPS hnit: A 362653 N 404777

Rannsóknartími: 6.-31. maí 2019

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir

Fjöldi sérfræðinga: 5

Fjöldi nema: 10



Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	6
Inngangur	8
Fyrri rannsóknir	9
Fornar rætur Árbæjar - vettvangsrannsókn 2019	10
Aðferðafræði	10
Svæði A.....	12
Svæði B.....	14
Jarðsjármælingar	16
Gripir.....	19
Málmur	20
Leir	21
Bein.....	21
Gler	22
Steinn.....	22
Annað	23
Miðlunar- og safnaþáttur verkefnisins	24
Vettvangssýning – uppgröftur á safni.....	24
Samfélagsmiðuð fornleifafræði.....	25
Lokaorð.....	25
English summary	26
Heimildaskrá.....	29
Viðaukar	31
Viðauki I – Fundaskrá	31
Viðauki II - Einingaskrá.....	45
Viðauki III - Flæðirit (Harris Matrix).....	59
Viðauki IV – Kort	62
Jarðsjármælingar á 0 metra dýpi.....	62
Jarðsjármælingar á 0,7 metra dýpi.....	63
Jarðsjármælingar á 1,6 metra dýpi.....	64
Viðauki V – Mannvirki á bæjarhólnum	65
Viðauki VI – Ljósmyndaskrá	66

Myndaskrá

Mynd 1. Horft í suðvesturátt að Árbæ. Uppgraftarsvæði A til vinstri á mynd.....	9
Mynd 2. Öskuhaugurinn sigtaður við svæði B vorið 2019.....	11
Mynd 3. Árbærinn og svæði A.....	12
Mynd 4. Yfirlitsmynd af svæði A. Hægt er að greina stoðarholurnar á austurhluta svæðisins og K-1500 gjóskuna in situ í norðvestur horni. Dökkur torfveggur [3360] með grjóthleðslu fannst árið 2017 er efst vinstra megin á mynd. Lagnaskurðir einkenna svæðið sunnan við vegginn.	13
Mynd 5. Kort af svæði A, unnið í QGIS af Snædísí Sunnu Thorlacius, nemandi í fornleifafræði.....	13
Mynd 6. Samsett mynd. Á efri myndinni má sjá timbursvið fyrir aftan Árbæinn en fólk situr uppi á þaki hlöðunnar sem þar var austan við bæinn. Myndin er tekin um verslunarmannahelgi, einhverntímamann á árunum 1929-35. Á neðri myndinni standa nemendur við holurnar eftir sviðið.	14
Mynd 7. Vinnumynd af svæði B.	15
Mynd 8: Kort af svæði B, unnið í QGIS.	16
Mynd 9. Hæðakort af hluta Árbæjarsafns ásamt rannsóknarsvæðum jarðsjármælinga árið 2019, merkt með rauðum ferningi. Kortagerð: Gunnar Grímsson (2018), með viðbótum frá Sólrúnu Ingu Traustadóttur (2019).....	17
Mynd 10. Svörun á 1.5 metra dýpi. Mælingin sýnir svæðið sem er beint austan við núverandi bæjarhús Árbæjar.....	17
Mynd 11. Jarðsjármælingar í Árbæ 2019. Samsett mynd.	18
Mynd 12. Kort af jarðsjármælingum við Árbæinn ásamt uppgraftarsvæðum. Mælingarnar sem hér eru sýndar voru teknar á 1.6 metra dýpi. Áhugaverðustu svæðin eru þau sem sýna rauðan lit á myndinni næst bænum austanmegin og vestur af könnunarskurði 5. Þau verða skoðuð nánar. Loftmynd: Gunnar Grímsson. Kortagerð: Ómar Valur Jónasson.....	19
Mynd 13. Tafla sem sýnir hvernig fundasafnið skiptist eftir efnisflokkum.	20
Mynd 14. Tafla sem sýnir skiptingu málmfunda.....	20
Mynd 15. Skæri sem fundust í öskuhaugnum.	
Mynd 16: Ryðgaður járnfótur af potti (2019-36-69).....	21
Mynd 17. Rauðleirsbrot (2019-36-2) sem fannst í öskuhaugi [5395] á svæði B.	21
Mynd 18. Beinum raðað upp fyrir ljósmyndun.	22
Mynd 19. Kljásteyn úr öskuhaugi (2019-36-289).....	23
Mynd 20. Blýinnsigli fyrir textíl (2019-36-102) sem fannst á svæði A.	23
Mynd 21. Perla úr tálgukoli (2019-36-26) sem fannst í öskuhaug og líkist perlunni sem fannst á Hólum í Hjaltadal.	23

Mynd 22. Nokkrir skólahópar komu í heimsókn á Árbæjarsafn og fengu kynningu á rannsókninni. ..	24
Mynd 23. Síðasti dagur uppgrafarins og nemendur slaka á eftir að hafa lokað svæði B.	28

Inngangur

Verkefnið *Fornar rætur Árbæjar* hófst árið 2016 og er á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur í samstarfi við námsbraut í fornleifafræði, jarðvísindadeild og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Helstu markmið rannsóknarinnar eru að varpa ljósi á búsetusögu og þróun Árbæjar og að miðla fornleifafræði og niðurstöðum rannsóknarinnar til almennings (Sólrún Inga Traustadóttir, 2019, bls. 8). Verkefnið er styrkt af fornminjasjóði.

Árið 2019 fór fram fornleifauppgröftur á bæjarstæði Árbæjar dagana 6. - 31. maí. Uppgröfturinn var liður í námskeiðinu FOR406G (Fornleifarannsókn á vettvangi) sem kennt er við Háskóla Íslands og tóku átta nemendur þátt. Umsjónarmaður námskeiðsins og stjórnandi rannsóknar var Sólrún Inga Traustadóttir fornleifafræðingur en auk hennar var fornleifafræðingurinn Angelos Parigoris leiðbeinandi á námskeiðinu. Hreinsun og pökkun gripa fór fram samhliða uppgreftrinum undir leiðsögn Margrétar Bjarkar Magnúsdóttur, fornleifafræðings á Borgarsögusafni. Auk þess var Valur Magnússon með umsjón með alstöðvarmælingum og Arndís Lilja Blöndal Hauksdóttir var Margrėti Björk innan handar við hreinsun, pökkun og skráningu gripa. Nemendurnir sem tóku þátt í vettvangsnámskeiðinu voru: Anna Soffía Ingólfssdóttir, Almar Smári Óskarsson, Björn Ari Örvarsson, Björn Guðni Guðjónsson, Ísak Freyr Valsson, Katrín Alda Ámundadóttir, Oddur Broddi Þorsteinsson og Snædís Sunna Thorlacius. Skiptineminn Sophie Duhamel tók þátt um það bil hálfan uppgroftinn og nemandinn Óskar Ögri Birgisson tók þátt í fyrstu vikunni. Auk þess sáu Ómar Valur Jónasson og Muhammad Aúfaristama um jarðsjármælingar. Úrvinnsla og skráning gagna fór fram haustið 2019 og er liður í námskeiðinu FOR202G (Aðferðafræði II) við Háskóla Íslands. Angelos Parigoris er umsjónarmaður þess og tóku átta nemendur þátt í því.

Bestu þakkir til allra sem tóku þátt í rannsókninni á einn eða annan hátt árið 2019 en sérstakar þakkir til Antikva ehf fyrir lán á alstöð.



Mynd 1. Horft í suðvesturátt að Árbæ. Uppgraftarsvæði A til vinstri á mynd.

Fyrri rannsóknir

Sumarið 2015 var drenlög suðaustan við Árbæ endurnýjuð og við það komu í ljós allt að tveggja metra þykk mannvistarlæg sem teygðu sig í að minnsta kosti 14 metra suðaustur af bænum. Greina mátti mannvist bæði undir og yfir gjóskulagi Kötlu~1500 (Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir 2015, bls. 2 og 21).

Sumarið 2016 hófst verkefnið *Fornar rætur Árbæjar* formlega og voru gerðir fimm könnunarskurðir á svæðum þar sem grunur lék á að mannvirki og öskuhaugur bæjarins væru undir sverði. Markmið skurðanna var að staðsetja minjar innan túngarðs á bæjarstæði Árbæjar. Mannvist kom í ljós í öllum fimm skurðunum, þær yngstu frá 20. öld en þær elstu frá því fyrir 1226. Því var ljóst að mannvist á svæðinu ætti sér mun lengri sögu en ritaðar heimildir segja til um (Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir 2016, bls. 6 og 23).

Sumarið 2017 var uppgraftarsvæði A opnað og alls voru grafin upp að hluta til eða í heild þrjú mannvirki frá mismunandi tímum og sáust merki um það fjórða. Sum mannvirkjanna voru ekki þekkt úr rituðum heimildum eða af kortum. Þá var umfang og aldur öskuhaugsins áætlaður með borkjarnatöku en búið var að staðfesta tilvist haugsins árið áður með könnunarskurði vestan við bæjarhúsin. Borkjarnarannsóknin leiddi í ljós að öskuhaugurinn hafði verið í notkun frá því eftir árið 1500 og fram á miðja 20. öld þegar bærinn lagðist í eyði. Öskuhaugurinn er um 17 m á lengd frá norðri til suðurs, 10 m frá

austri til vesturs og um 170 cm þar sem hann er þykkastur. (Sólrún Inga Traustadóttir 2017, bls. 13).

Sumarið 2018 voru gerðar jarðsjármælingar á um 725 fermetra svæði innan bæjarstæðis Árbæjar. Auk þess fór fram fornleifauppgröftur á tveimur svæðum; annars vegar á svæði A, sem var opnað sumarið 2017 og stækkað í 10 x 10 metra árið 2018 og hins vegar á svæði B sem var opnað árið 2018 á gamla öskuhaug bæjarins vestan við smiðjuna og er um 6 x 9 metrar (Sólrún Inga Traustadóttir, 2019, bls 8). Árið 2018 voru grafin jarðlög frá 16.- 20. öld á þessum tveimur svæðum innan bæjarstæðis Árbæjar. Þegar svæði A var stækkað kom í ljós að vesturhorn svæðisins var mikið raskað vegna rafmagns-og vatnslagna en í fyllingum í skurðunum mátti greina torf og hleðslugrjót. Áhugaverðasti fundurinn árið 2018 voru mannvistarlög í sniði nútímaskurðar við suðurbakka svæðis A. Þar hafði staðið högglistaverkið, *Kona að strokka* eftir Ásmundar Sveinsson og náði skurðurinn eftir styttuna niður í óhreyfðan jarðveg. Þar var m.a. að finna lítið eldstæði með landnámstorfi ofan á en um 40 cm þykk mannvistarlög voru undir 1226 gjóskulaginu *in situ*. Út frá gjóskulögum mætti skipta mannvistarlögnum í sniðinu í tvo fasa; 870-1226 og 1226-1500. Í sniðinu sást einnig ummerki um nýtt mannvirki sem hefur ekki verið greinilegt við uppgröft fyrri sumur, en það virðist liggja á milli gjóskulaga 1226 og 1500. Á miðju uppgriftarsvæði A kom í ljós framhald af torfhruni með mikilli K~1500 gjósku sem tengist mannvirki 3 sem fannst við uppgröft sumarið 2017 (Sólrún Inga Traustadóttir 2019, bls. 27-28 og 35-36).

Fornar rætur Árbæjar - vettvangsrannsókn 2019

Dagana 6. - 31. maí 2019 fór fram fornleifauppgröftur á tveimur svæðum í landi Árbæjar; annars vegar á svæði A, sem var opnað sumarið 2017 og stækkað í 10 x 10 metra vorið 2018 og hins vegar á svæði B sem var opnað á gamla öskuhaug bæjarins vestan við smiðjuna vorið 2018 og er 6 x 9 metrar að stærð. Einnig var haldið áfram að gera jarðsjármælingar á nokkrum svæðum en umsjón með mælingum hafði Muhammad Aúfaristama, doktorsnemi í jarðvísindum, og Ómar Valur Jónasson fornleifafræðingur. Nemendur voru þeim til aðstoðar við mælingar á vettvangi.

Aðferðafræði

Við uppgröftinn er notuð einingaaðferð (e. *single context method*), þar sem hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, byggingarhluti eða hola) er skilgreint sem einn stakur

atburður í tíma og nefnist *eining*. Einingin er ljósmynduð og henni lýst á stöðluðu skráningarblaði. Hver eining var mæld upp með alstöð og mælingunum hlaðið í gagnagrunninn Intrasis undir lok hvers vinnudags. Svæði A og B voru grafin með múrskleið og á svæði B voru mannvistarlög sigtuð með 7 mm sigti. Allir gripir sem taldir eru til fornleifa skv. 3 gr. laga í I þætti, I kafla um menningarminjar voru teknir til varðveislu. Yngri gripir til dæmis leirker, gler og járngripir voru einnig varðveittir og eru notaðir í safnastarfi og við miðlun til safngesta. Allir varðveittir gripir hafa verið hreinsaðir og þeim hefur verið pakkað samkvæmt leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands um umhirðu forngripa og frágang. Auk þess voru þeir ljósmyndaðir, mældir og skráðir í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn. Þetta var gert jafnóðum á vettvangi en þeir gripir sem ekki tókst að ljósmynda og skrá á meðan að á uppgreftrinum stóð var gengið frá í áfanganum FOR202G (Aðferðafræði II) um haustið. Allar ljósmyndir af vettvangi voru skráðar í ljósmyndaskrá jafnóðum og skráin síðan færð yfir á stafrænt form. Tölur yfir bæði einingar og gripi voru einnig yfirfærðar á stafrænt form sem sjá má í viðaukum. Forritin sem notuð voru við úrvinnslu gagna eru Intrasis, QGIS, Harris Matrix Composer, Microsoft Excel og Word.



Mynd 2. Öskuhaugurinn sigtaður við svæði B vorið 2019.

Jarðsjármælingar voru gerðar með jarðsjá (*Ground Penetrating Radar*) á fjórum afmörkuðum svæðum innan túngarðs á bæjarstæði Árbæjar með 25 cm millibili með 200 mHz loftneti. Grid var sett upp á hverju svæði fyrir sig og gengið hornrétt bæði eftir x og

y-ás. Mælingarnar voru hnitsettar með Trimble alstöð. Við úrvinnslu jarðsjármælingagagna var forritið GPR-Slice notað.

Svæði B var lokað um leið og uppgreftri lauk þann 31. maí 2019 en svæði A var haldið opnu yfir sumaropnunartíma Árbæjarsafnsins sem hluti af miðlunar- og safnaþætti rannsóknarinnar. Því var lokað undir lok september. Gengið var vel frá báðum svæðum með því að leggja plastdúka yfir og torfþökur þétt þar ofan á.



Mynd 3. Árbærinn og svæði A.

Svæði A

Vorið 2019 var haldið áfram að grafa á svæði A sem er 10 x 10 metrar að stærð og áherslur voru lagðar á austurhluta svæðisins þar sem yngri mannvistarlög eru að finna en einnig voru fyllingar og skurðir eftir nútímarask rannsókuð. Einna áhugaverðast sem fannst á svæðinu voru 12 stoðarholur sem fyrst voru taldar hafa verið eftir girðingastaura en kom

þó fljótt í ljós að þær voru eftir stoðir undan timbursviði sem sett var upp á svæðinu á fyrri hluta 20. aldar.



Mynd 4. Yfirlitsmynd af svæði A. Hægt er að greina stoðarholurnar á austurhluta svæðisins og K-1500 gjóskuna in situ í norðvestur horni. Dökkur torfveggur [3360] með grjóthleðslu fannst árið 2017 er efst vinstra megin á mynd. Lagnaskurðir einkenna svæðið sunnan við vegginn.

Mannvirki 3, sem fannst árið 2017, var fjarlægð í þessum áfanga en ekki reyndist það vera mikil bygging eins og vonir voru um því engin gólfslög fundust sem gætu tilheyrt henni. Því helst sú túlkun að um lítið gerði hafi verið að ræða sem tengist dýrahaldi á bænum rétt eftir árið 1500.

Í SV-horni svæðis A eru tveir skurðir eftir nútímaleiðslur (sjá mynd 5) og á sama svæði fannst talsvert magn af gjalli, brot úr járnþotti og leirkersbrot. Þrátt fyrir að hornið sé töluvert raskað liggur grunur á að þar séu leifar af smiðju. Í sniði á lagnaskurðinum, [7903], sást strengjatorf með gjósku frá 1226. Um er að ræða nýtt mannvirki sem ekki hefur sést áður á svæðinu.



Mynd 5. Kort af svæði A, unnið í QGIS af Snæðisi Sunnu Thorlacius, nemandi í fornleifafræði.



Mynd 6. Samsett mynd. Á efri myndinni má sjá timbursvið fyrir aftan Árbæinn en fólk situr uppi á þaki hlöðunnar sem þar var austan við bæinn. Myndin er tekin um verslunarmannahelgi, einhverntímann á árunum 1929-35. Á neðri myndinni standa nemendur við holurnar eftir sviðið.

Alls eru 143 fundanúmer skráð frá svæði A. Gripirnir sem fundust þar voru aðallega málmgríp (mest járn og kopar), gjall, leirker og gler. Einnig fundust innsigli úr blýi (2019-36-102) og þrjár krítarpípur. Sjá nánar um efnisflokkka í gripakafli í þessari skýrslu.

Svæði B

Vorið 2019 var haldið áfram að grafa upp öskuhauginn á svæði B. Á norðurhluta svæðisins hafa öll jarðlög sem tengjast öskuhaugnum verið fjarlægð og komið niður á óhreyfðan jarðveg. Á suðurhluta svæðisins eru ennþá þykk mannvistarlög sem eftir á að grafa upp en sá hluti haugsins er talinn vera eldri (Sólrún Inga Traustadóttir, 2019, bls. 29).




Mynd 7. Vinnumynd af svæði B.

Á svæðinu voru skráð tvö jarðlög; [6900] (sem byrjað var að grafa árið 2018) og [8056] sem var undir [6900]. Lag [8056] er töluvert minna en [6900] og í því fannst ekki jafnmikið af gripum. Neðri mörk lags [8056] voru við gjóskulagið K~1500 en í því fannst einnig gjóska frá 1226. Það sem einkenndi öskuhauginn voru móaska, gjóska (K~1500), kol, aska, skeljar og brennd bein. Algengasti efnisflokkurinn í haugnum eru málmar, þá sér í lagi járnnaclar af ýmsum stærðum og gerðum, hnífar, skæri og járnbrott ýmiskonar. Einnig leirker, sérstaklega rauðleirspottar og gler, en 184 fundanúmer hafa verið skráð frá svæðinu þetta árið. Dýrabein sem finnast í haugnum eru frekar illa farin og af stærri dýrum. Einkar stórgripum og kindum. Þó finnast þar fiska- og fuglabein en í minna mæli. Mögulega er efnasamsetning móöskunnar svo súr og því varðveitast minni bein illa.

Haugurinn hefur verið aldursgreindur á tímabilið frá 1500 fram á miðja 20. öld út frá borkjarnasýnum sem tekin voru sumarið 2017 (Sólrún Inga Traustadóttir, 2019, bls. 12) og virðast gripirnir sem fundust samsvara því. Helstu breytingar á eiginleikum fundasafnsins er að þetta sumarið fannst ekkert postulín í öskuhaugnum, líkt og árið 2018, heldur er mun meira af rauðleir í fundasafninu. Einn fundur vakti sérstaklega mikinn áhuga og það er svört perla, líklega úr tálgukoli (2019-36-26).

Beinasafnið samanstóð af fiski- og fuglabeinum, tönnum og beinum úr húsdýrum, svo sem kindum, kúm og hestum. Skeljar og fiskibein sem fundust í haugnum geta benda til neyslu og/eða nýtingu á sjávarfangi en nánari greiningar eiga eftir að fara fram á öllu fundasafninu.




Mynd 8: Kort af svæði B, unnið í QGIS.

Gripirnir geta gefið mikilvægar upplýsingar um innflutning og millilandaverslun og nákvæmari aldursgreining á haugnum fæst með því að skoða framleiðslutækni og gerðfræði gripanna. Stefnt er á að gripagreiningar á þeim liggi fyrir undir lok árs 2020. Öskuhaugar sem þessi hafa mikinn möguleika á að gefa innsýn inn í neyslulíf íbúa svæðisins, heimaframleiðslu og aðkeyptar vörur eins og safnið gefur til kynna og því er efniviður öskuhaugsins mikilvægur liður í því að varpa ljósi á samfélagslega stöðu Árbæjar.

Árið 2020 er gert ráð fyrir að grafa nánar upp bæði svæðin og ljúka uppgrefti á öskuhaugnum á svæði B. Á næstu árum fæst þá vonandi betri mynd af aldri svæðanna, híbýlum, samfélagslegri stöðu og neyslumynstri íbúa Árbæjar í gegnum aldirnar.


Jarðsjármælingar

Jarðsjármælingar fóru fram samhliða uppgrefti, dagana 23.- 24. maí og 27. maí. Unnið var úr gögnunum 28. maí. Muhammad Aúfaristama, doktorsnemi á Jarðvísindastofnun og Ómar Valur Jónasson fornleifafræðingur höfðu umsjón með jarðsjármælingum á vettvangi og voru nemendur þeim til aðstoðar. Svæðin sem um ræðir eru öll innan túngarðs Árbæjar (sjá mynd 9).



Mynd 9. Hæðakort af hluta Árbæjarsafns ásamt rannsóknarsvæðum jarðsjármælinga árið 2019, merkt með rauðum ferningi. Kortagerð: Gunnar Grímsson (2018), með viðbótum frá Sólrúnu Ingu Traustadóttur (2019).

Helstu niðurstöður jarðsjármælinga eru að mun skýrari niðurstöður fengust fyrir áður mælt svæði sem er beint norðan og austan við uppistandandi hús Árbæjar. Ástæðuna má rekja til þess að gengið var í tvær áttir í stað einnar og minna gras var á svæðinu. Þegar gras er of mikið eða að yfirborð er ójafnt nær jarðsjáin ekki nógu góðu viðnámi og niðurstöðurnar verða því ekki eins skýrar. Nauðsynlegt er að ganga í báðar áttir til að fá sem nákvæmastar mælingar af viðfangsefninu.




Mynd 10. Svörun á 1.5 metra dýpi. Mælingin sýnir svæðið sem er beint austan við núverandi bæjarhús Árbæjar.

Grunur leikur á að mannvirki frá fyrstu tíð sé að finna beint austur af Árbæ (sjá rauðleitan boga á mynd 10). Gert er ráð fyrir að kanna þetta svæði nánar á næsta uppgrafarmisseri með könnunarskurðum.



Mynd 11. Jarðsjármælingar í Árbæ 2019. Samsett mynd.


Niðurstöður mælinga við sknúðhúsið sýndu hleðslur við húsið sjálft sem eru að öllum líkindum undirstöður þess en ekkert bendir til að eldri mannvirki séu á svæðinu og þykir því ekki ástæða til að kanna það frekar. Mælingar á rústum útihúsanna (mógeymslu og hænsnakofa) gengu ekki nógu vel því svæðið er afar óslétt og því var erfitt að ná nákvæmum mælingum.



Mynd 12. Kort af jarðsjármælingum við Árbæinn ásamt uppgriftarsvæðum. Mælingarnar sem hér eru sýndar voru teknar á 1.6 metra dýpi. Áhugaverðustu svæðin eru þau sem sýna rauðan lit á myndinni næst bænum austanmegin og vestur af könnunarskurði 5. Þau verða skoðuð nánar. Loftmynd: Gunnar Grímsson. Kortagerð: Ómar Valur Jónasson.

Gripir


Gripir sem fundust við vettvangsvinnu árið 2019 hafa allir verið skráðir í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn, undir alls 327 fundanúmerum. Þó var nokkuð um magnfundi þar sem samansafn efnisflokka úr sama jarðlagi var skráð undir sama númeri. Þetta á aðallega við um dýrabein og járngrípi, t.d. nagla af sömu gerð. Heildarfjöldi brota fór yfir 1000. Algengasta efnið sem fannst voru ýmsir málmar en leirker og dýrabein voru einnig mjög algeng. Fjallað verður stuttlega um helstu efnisflokkana hér fyrir neðan.



Mynd 13. Tafla sem sýnir hvernig fundasafnið skiptist eftir efnisflokkum.

Málmur

Skráð voru 138 fundanúmer undir flokknum málmar, þar af voru nokkur samsöfn. Stærstu samsöfnin voru járnnaugar en í söfnunum var oft gríðarlegur fjöldi en t.d. voru yfir 100 naugar (2019-36-15) í einu samsafninu. Af járninu voru skráðir 94 gripir, 38 gripir úr kopar og 2 úr blýi. Þó nokkuð var um málmgripa ýmist úr kopar eða járn þar sem hlutverk þeirra var óþekkt.



Mynd 14. Tafla sem sýnir skiptingu málmfunda.

Einnig fundust ýmiss konar áhöld, svo sem skæri, hnífar, lykill og öngull. Í öskuhaugi [6900] á svæði B fundust 2 brot sem mynduðu koparhring (2019-36-251). Líklega var hringurinn notaður í klæði eða sem einhvers konar skraut. Í mannvistarlagi [6165] á

svæði A fannst innsigli úr blýi sem hefur verið merking framleiðanda fyrir textíl (2019-36-102), það fannst við SA-enda svæðisins og var umlukið K~1500 gjósku.



Mynd 15. Skæri sem fundust í öskuhaugnum.



Mynd 16: Ryðgaður járnfótur af potti (2019-36-69).

Leir

Skráð voru 80 fundanúmer undir efnisflokknum leir. Nokkuð var um samsöfn undir stökum númerum og brotin voru alls 254. Flest brotin sem hafa verið greind eru úr rauðleir og þar á eftir úr hvítleir. Af athyglisverðum gripum úr leir má nefna tvö leirkersbrot (2019-36-2) úr rauðleir sem fundust í öskuhauginum [5395]. Á einu brotinu er glerungur og grænn borði. Hitt brotið er barmbrot og á milli þeirra er borað gat sem var notað til speningar (viðgerðar). Brotin eru líklegast úr diskum eða skálum. Töluvert er af brotum úr grýtum úr rauðleir.



Mynd 17. Rauðleirsbrot (2019-36-2) sem fannst í öskuhaugi [5395] á svæði B.

Bein

Skráð voru 22 fundanúmer undir efnisflokknum bein, þar af eitt sem var unnið. Allt beinasafnið kemur frá öskuhaugnum á svæði B og er um að ræða ýmiskonar dýrabein og tennur úr húsdýrum en einnig fiski- og fuglabein. Nokkuð var um samsöfn undir stökum númerum. Alls vega beinin rúmlega 4 kg.



Mynd 18. Beinum raðað upp fyrir ljósmyndun.

Gler

Skráð voru 22 fundanúmer undir efnisflokknum gler. Nokkuð var um samsöfn undir stökum númerum og brotin voru alls 27. Flest voru glerbrotin 4 saman undir einu gripa númeri. Flest brotin eru græn, mosagræn eða dökkgræn. Aðrir litir á glerbrotunum voru glær og blár. Hlutverk brotana eru mörg óþekkt en flest líklega úr flöskum af mismunandi gerðum.

Steinn

Skráð voru 31 fundanúmer undir efnisflokknum steinn. Skráð voru 10 fundanúmer undir brýni úr flögubergi. Aðrar stein- eða bergtegundir sem fundust voru: tinna (4), kljásteyinn (1), kvars (1), vikur (1) og lítill hvítur skrautsteinn (1). Af athyglisverðum gripum úr steini/bergi má nefna, eldtinnu úr jarðlagi [8056] og perulaga grágrýti, líklega kljásteyinn (2019-36-289). Steinninn er holóttur og er með tvö samsíða manngerð göt (sjá mynd 19). Annað gatið er talsvert minna, fannst í jarðlagi [6900]. Restin á við um aðra steina sem ekki hafa verið skilgreindir sérstaklega.



Mynd 19. Kljásteynn úr öskuhaugi (2019-36-289).

Annað

Aðrir efnisflokkar voru kol, leður, skel og gjall. Vert er að nefna perlu, svarta að lit, líklega úr tálgukoli sem fannst í jarðlagi [6900] í öskuhaugnum. Perlan sem sjá má á mynd nr. 21 virðist sömu gerðar og perla sem fannst við uppgröft að Hólum í Hjaltadal (2002-37-368)(Sarpur, 2019). Einnig fannst lítil reim (2019-36-32) eða ól úr leðri með þremur litlum málmpinum í öskuhaug [6900] á svæði B.



Mynd 21. Perla úr tálgukoli (2019-36-26) sem fannst í öskuhaug og líkist perlunni sem fannst á Hólum í Hjaltadal.



Mynd 20. Blýinnsigli fyrir textíl (2019-36-102) sem fannst á svæði A.

Miðlunar- og safnaþáttur verkefnisins

Á hverju ári heimsækja um 40 þúsund manns Árbæjarsafn og eitt af markmiðum verkefnisins *Fornar rætur Árbæjar* er að miðla niðurstöðum fornleifarannsóknarinnar og starfi fornleifafræðinga til safngesta og almennings með margvíslegum leiðum.

Vettvangssýning – uppgröftur á safni

Líkt og undanfarin tvö ár var fornleifauppgröfturinn „til sýnis“ safngestum yfir sumartímamann og leiðsögumenn safnsins sögðu frá fornleifunum og fornleifarannsókninni í daglegum leiðsögnum um safnið, þá bæði íslenskum sem erlendum gestum. Einnig voru upplýsingaskilti við bæði uppgraftarsvæðin.



Mynd 22. Nokkrir skólahópar komu í heimsókn á Árbæjarsafn og fengu kynningu á rannsókninni.

Stjórnandi rannsóknarinnar hélt fyrirlestur um verkefnið í fyrirlestraröð Félags fornleifafræðinga, *Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði* 20. mars 2019 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Í framhaldinu fór hún í viðtal þann 27. mars 2019 í útvarpsþáttinn *Samfélagið* á Rás 1. Ræddi þar við Ragnhildi Helgu Thorlacius og Leif Eiríksson um fornleifarannsóknina *Fornar rætur Árbæjar*. Þátturinn var í beinni útsendingu og má finna viðtalið hér: <https://www.ruv.is/thaettir/samfelagid>

Helsti samfélagsmiðill rannsóknarinnar er Instagram og þar notast rannsóknin við myllumerkið #FORNARRÆTUR. Nemendur og leiðbeinendur birtu þar myndir frá vettvangsvinnunni á meðan henni stóð. Í ár var ákveðið að búa til sérstaka Facebook síðu

fyrir rannsóknina sem ber nafn hennar *Fornar rætur Árbæjar*. Hana má finna [hér](#). Einnig er Facebook síða Árbæjarsafns notuð til að miðla rannsókninni til almennings.

Samfélagsmiðuð fornleifafræði

Hluti fornleifarannsóknarinnar í Árbæ snýr að samfélagsmiðaðri fornleifafræði (*e. community-based archaeology*) þar sem markmiðið er í stuttu máli að miðla og fræða almenning um rannsóknina og fornleifafræði með fjölbreyttum hætti. Einnig að skapa góðan og þægilegan vettvang þar sem fólk getur komið skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri til sérfræðinga.

Haldnir voru kynningardagar þar sem íbúum í Árbæ, 110 Reykjavík, ásamt öðrum áhugasömum var boðið að koma á safnið og fræðast um fornleifarannsóknina.

Útbúin var þátttökukönnun sem gestir á kynningardögum fylltu út undir lok kynningarinnar. Könnunin miðar að því að íbúar í Árbæ og aðrir sem hafa áhuga geti komið sínum spurningum á framfæri sem rannsóknin mun síðan leitast við að svara. Þannig fær nærsamfélagið tækifæri til að koma að rannsókninni með gagnvirkum hætti. Könnunin kemur til með að vera aðgengileg gestum á safninu á meðan á rannsókn stendur.

Lokaorð

Vorið 2019 var fjórða ár rannsóknarinnar *Fornar rætur Árbæjar* og annað árið sem uppgröfturinn var unnin í samstarfi við Háskóla Íslands þar sem fyrsta árs nemar í fornleifafræði fengu þjálfun í vettvangsvinnu í áfanganum FOR406G Fornleifarannsókn á vettvangi. Haldið var áfram þar sem frá var horfið við uppgröft á tveimur svæðum innan bæjarstæðis Árbæjar; annars vegar í öskuhaug bæjarins, svæði B, og hins vegar á uppgraftarsvæði A, þar sem á fyrri árum hafa fundist leifar nokkurra mannvirkja (sjá nánar á korti í viðaukum). Á svæði A var að finna mikið af torflögum en um er að ræða torfhrun eða torfleifar úr byggingum sem hafa verið á staðnum rétt um og fyrir árið 1500 og koma vonandi betur í ljós á næsta uppgraftarmisseri. Mögulega hefur yfirborðið verið sléttað snemma á 20. öld þegar svið var byggt á þeim stað sem svæði A er staðsett. Túnið var afar þýft á seinni öldum. Það sést einkum á legu jarðlaga austanmegin á svæðinu en einnig á gömlum ljósmyndum af bænum og í lýsingum á túnakorti. Einn áhugaverðasti fundurinn þetta árið voru 12 stoðarholur sem liggja í þremur beinum röðum á austurhluta svæðis A. Þær virðast hafa verið stoðir undir svið sem sett var upp á fyrri hluta 20. aldar

og eru líklega fleiri holur að finna austan megin við uppgraftarsvæðið. Í sniði í einum lagnaskurðanna á svæði A kom í ljós strengjatorf í jarðvegssniði sem inniheldur einungis gjósku frá árinu 1226 en þessi samsetning af torfvegg hefur ekki fundist áður á svæðinu og er því um að ræða nýtt mannvirki. Norðanmegin í öskuhaugnum tókst að komast niður fyrir öskuhaugsjarðlög en enn á eftir að fjarlægja þykk lög í suðurhlutanum, sem jafnframt er eldri hluti öskuhaugsins. Alls voru 143 gripanúmer skráð frá svæði A og 184 frá svæði B í uppgreftinum árið 2019. Árið 2020 er gert ráð fyrir að grafa nánar upp bæði svæðin og ljúka við að grafa allt það svæði sem hefur verið opnað í öskuhaugnum. Á næstu árum fæst vonandi skýrari mynd af mannvirkjunum sem hafa fundist á bæjarhólnum, hvaða hlutverki þau þjónuðu og hvernig búseta þróaðist á staðnum. Framvindu og niðurstöðum rannsóknarinnar verður áfram miðlað til almennings með fjölbreyttum hætti og sýning um rannsóknina verður opnuð í safnhúsi Árbæjarsafns, Landakoti, sumarið 2020.

English summary

Fornar rætur Árbæjar is an archaeological research project conducted by The Reykjavík City Museum in cooperation with the University of Iceland. The aim of the project is to investigate the origins and early development of the Árbær farm and to communicate the results of the research to the visitors of the City Museum and reach a wider audience through social media. Archaeological excavations were carried out in two areas (A and B) within the farmstead of Árbær in the spring of 2019 as a part of the course FOR406G taught at the University of Iceland.

Area A was originally opened in 2017 and was extended by 4 meters east and 2 meters south during the spring of 2018. After the extension area A was 10x10 m. A modern cut, reaching down to natural soils, was detected in the south of area A in 2018. The profiles of the cut revealed a turf wall containing ~1226 tephra and a floor layer. Above it K~1500 tephra in situ suggests that the building was in use some time between 1226-1500. In the middle of area A, is a turf layer, probably a collapse containing tephra from the K~1500 volcanic eruption. The turf was at first considered to be related to structure 3, identified in 2017. Nonetheless, no further structural remains have been detected. In the NW-corner of Area A, a big patch of K~1500 tephra in situ is located and will be dealt with when later deposits in the surrounding area are excavated. Numerous fragments of iron slag and pottery sherds were recovered in the SW corner. These may indicate that the area was used to throw away debris.

Eleven postholes aligned in two rows, NE-SW oriented, were also identified. Since no other related structural material was identified, the postholes were at first interpreted as the remains of a fence, or a fish flake structure. Alternatively, an early 20th century photograph showed that a stage had been placed in the area for the purposes of a festival. The latter pictorial evidence appears to fit quite accurately the evidence on the ground (alignment of the postholes and the size of the area they cover). Amongst the artefacts retrieved in area A were a black bead made out of jet lignite and a lead locket. Ongoing research in area A will hopefully reveal more about the dwellings of the Árbær inhabitants.

Area B (9x7m) was opened in the midden of the farmstead in 2018. The midden is on the western side of the modern farmstead and next to the smithy. Coring was conducted at the midden in 2017 which revealed that the deposits are most possibly dated post 1500 AD. Two deposits were identified and excavated; [5395]=[6900] and [8056]. [5395]=[6900] is an extensive deposit that covers most of Area B. It mostly consists of a pinkish red peat ash with occasional variations in colour, material and compaction. Excavation is conducted in spits of approximately 5 cm. This enables us to see the aforementioned variations within the deposit better and record if needed. Any drastic changes in the boundaries are noted and the deposit is re-planned and a new context number is assigned. The soil is also sieved 100%. All artefacts and organic materials are handpicked and processed accordingly. A small test pit during mid-ex revealed that the depth of the deposit exceeds ≥ 1 m. The excavation of [5395]=[6900] will continue in the coming season. Silt deposit [8056] contains a moderate amount of peat ash and partially covers [5395]=[6900] at its northern edge. This is most possibly a naturally accumulated material that contains windblown material. Tephra layer K~1500 in situ appears to lie directly beneath the deposit. Retrieved artefacts from Area B include metal objects (mostly iron and copper), animal bone fragments, pottery (mostly redware) and glass (mostly green bottle ware). Further excavation of the midden will hopefully yield more information about trade and imported goods from the period Árbær was inhabited, as well as the consumption habits and social status of the inhabitants. The project will continue in the coming years and its results will be communicated to the general public in various forms.



Mynd 23. Síðasti dagur uppgrftarins og nemendur slaka á eftir að hafa lokað svæði B.

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800. *Annales Islandici. Posteriorum sæculorum*, 1.- 4. bindi. (1922-1927).

Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri) og Reynir Vilhjálmsson. (1998).

Elliðaárdalur: Land og Saga. Reykjavík: Mál og Mynd í samstarfi við Árbæjarsafn og Borgarskipulag.

Diamata, B., Steinberg, J., Bolender, D. (án árs). *Report of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey 2008: GPR at Stóra Seyla*.

Elliðaárnar keyptar. (1906, 8. ágúst). *Lögrétta*, bls. 150. Sótt í desember 2018 af

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2275644

Guðmundur Ólafsson. (1988). *Hjónadysjar í Kópavogi*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Hrefna Róbertsdóttir. (1992). Reykvíkingafélagið 1940-1992. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri), Söguspeill: afmælisrit Árbæjarsafns. Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 59-79.

Hörður Ágústsson. (1992). „Árbær í Mosfellssveit. Stutt sögulegt yfirlit um bæ og búendur ásamt tillögum að endurbýggingu bæjarhúsa þar“. Í Helgi M. Sigurðsson (ritstjóri), Söguspeill: afmælisrit Árbæjarsafns. Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 80-111.

Íslenzkt fornbréfasafn V. *Diplomatarium Islandicum*, 5. bindi. (1899-1902).

Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 3. bindi. (1923-1924). Kaupmannahöfn:

Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr

búnaðartöflum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. (1847).

Kaupmannahöfn: Jón Johnsen.

Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísu Guðmundsdóttir. (2015). *Framkvæmdareftirlit*

vegna viðhalds á Árbæ 2015. Skýrsla nr. 172. Reykjavík: Borgarsögusafn

Reykjavíkur.

Sarpur Menningarsögulegt gagnasafn. (2019). Jarðfundir. Sótt 20. maí 2019 af:

<https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1570427>

Sólrún Inga Traustadóttir, Arthur Knut Farestveit, Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir,

Gunnar Grímsson, Sigrún Hannesdóttir og Valur Magnússon. (2019). *Fornar rætur*

Árbæjar - Fornleifarannsókn Áfangaskýrsla 2018. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Sólrún Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir. (2017). *Fornar rætur Árbæjar.*

Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2016. Skýrsla nr. 179. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Sólrún Inga Traustadóttir. (2018). *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn.*

Áfangaskýrsla 2017. Skýrsla nr. 190. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2017). *Leitin að klaustrunum: klausturhald á Íslandi í fimm aldir.* Reykjavík: Sögufélag.

Viðaukar

Viðauki I – Fundaskrá



Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
1	Krítarpípa	Jarðvegur - Leir.	5854	A	2,7 cm	0,7 cm		1,3 g
2	Ílát	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	5395	B	4 cm	2,2 cm	0,5 cm	4 g
3	Steinn	Bergtegund - Tinna.	Lausafundur	A	3,7 cm	2,7 cm	3,6 cm	33 g
4	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Hvítleir.	5854	A	4,3 cm	2,5 cm	0,4 cm	4,4 g
5	Gjall	Gler.	5854	A	2,1 cm	1,2 cm	1 cm	1,2 g
6	Nagli	Málmur - Járn.	6165	A	3,7 cm	2,5 cm	1 cm	19,2 g
7	Járn	Málmur - Járn.	6165	A	5 cm	2,7 cm	1 cm	10,6 g
8	Gaddavír	Málmur - Járn.	5854	A	10 cm	1,6 cm	0,4 cm	24,4 g
9	Leirker	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	5395	B	5,3 cm	3,7 cm	1,4 cm	26,5 g
10	Leirker	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	5395	B	4,5 cm	3,3 cm	0,6 cm	24,8 g
11	Viðarkol	Viður.	5854	A	4,9 cm	2 cm	1 cm	1,9 g
12	Flaska	Gler.	5854	A	5,5 cm	3 cm	4 cm	43,8 g
13	Gler	Gler.	5854	A	4,1 cm	1,2 cm	0,9 cm	4,4 g

Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
14	Gler	Gler.	5854	A	3,1 cm	0,6 cm	0,1 cm	0,6 g
15	Nagli	Málmur - Járn.	5854	A				
16	Leirker	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	5854	A	3,3 cm	1,8 cm	0,3 cm	2,3 g
17	Hnífsskaft	Viður. Málmur - Járn.	Lausafundur	B	85 cm	15 cm	1 cm	16 g
18	Leirker	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	5395	B	4,2 cm	5,2 cm	6,5 cm	64,1 g
19	Skinna	Málmur - Járn.	6643	A	4 cm	2,9 cm	0,5 cm	17,7 g
20	Öngull	Málmur - Járn.	5395	B	7,3 cm	3,1 cm	0,9 cm	13 g
21	Hnífsblað	Málmur.	5395	B	6,7 cm	1,8 cm	0,6 cm	9,7 g
22	Leirkersbrot	Brenndur leir.	5395	B	5,7 cm	4,9 cm	0,6 cm	21,4 g
23	Skrúfjárn, Nagli	Málmur - Járn.	4902	A	5,4 cm	0,9 cm	0,7 cm	17,9 g
24	Málmur	Málmur.	4902	A	4,2 cm	2,4 cm	1,2 cm	9,2 g
25	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	6643	A	2 cm	1,5 cm	0,25 cm	7,9 g
26	Perla	Kol - Tálgukol.	5395	B	1,3 cm	1,3 cm	1 cm	1,2 g
27	Krítarpípa	Jarðvegur - Leir.	6643	A	1,9 cm	1,2 cm	0,5 cm	1,2 g
28	Skeifubrot	Málmur - Járn.	5395	B	9 cm	3 cm	1,7 cm	54,3 g
29	Koparbrot	Málmur - Kopar.	5359	B	5,5 cm	5,5 cm	0,09 cm	20,3 g
30	Hnífsskaft	Viður. Málmur - Járn.	6900	B	8 cm	15 cm	1 cm	197 g
31	Koparbrot	Málmur - Kopar.	5395	B	4,7 cm	1,3 cm	0,35 cm	3,8 g
32	Leðurbútur	Skinn - Leður.	6900	B	45 cm	6 cm	1 cm	1 g
33	Glerbrot	Gler.	Lausafundur	A	1,6 cm	1,3 cm	0,2 cm	1,3 g
34	Hringur	Málmur - Járn.	5395	B	3,9 cm	3,8 cm	0,5 cm	3,9 g
35	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	Lausafundur	A	1 cm	1,3 cm	0,5 cm	0,7 g
36	Skæri	Málmur - Járn.	5395	B	13,5 cm	3,1 cm	1,3 cm	46,5 g
37	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Hvítleir.	Lausafundur	A	2,5 cm	1,9 cm	0,3 cm	1,5 g
38	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	5395	B	4,2 cm	1,8 cm	2,2 cm	22,2 g

Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
39	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Svartleir.	6643	A	1 cm	1,4 cm	0,4 cm	1 g
40	Tinna	Bergtegund - Tinna.	5395	B	3,1 cm	2 cm	0,9 cm	6,2 g
41	Skeifubrot	Málmur - Járn.	5395	B	5,7 cm	2,3 cm	1 cm	
42	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Hvítleir. Jarðvegur - Leir - Brúnleir. Gler - Glerungur.	5395	B	3,5 cm	2,4 cm	1 cm	
43	Koparbútur	Málmur - Kopar.	6165	A	1,9 cm	0,7 cm	0,4 cm	0,4 g
44	Klemma	Málmur - Járn.	6165	A	4,3 cm	1,7 cm	11 cm	13 g
45	Hnappur	Málmur - Járn.	6165	A	1,6 cm	1,1 cm	0,5 cm	1,9 g
46	Þynna	Málmur - Kopar.	6165	A	2 cm	1,3 cm	2 cm	2,1 g
47	Glerbrot	Gler.	6165	A	4,3 cm	2,9 cm	0,4 cm	98 g
48	Festing	Málmur - Járn.	6165	A	4 cm	1,8 cm	0,4 cm	7,9 g
49	Skeifubrot	Málmur - Járn.	5395	B	6,3 cm	1,8 cm	1 cm	24,3 g
50	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	5395	B	4,2 cm	2,2 cm	1,7 cm	10,9 g
51	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	5395	B	3,8 cm	3,1 cm	0,4 cm	7,3 g
52	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	5395	B	4,2 cm	3,8 cm	1,6 cm	9,2 g
53	Járn	Málmur - Járn.	6165	A	4,1 cm	2,8 cm	0,4 cm	12,8 g
54	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6165	A	2,8 cm	2,2 cm	0,6 cm	5,1 g
55	Skel	Kalkskjöldur - Skel.	5395	B	6 cm	2,5 cm	2 cm	10,5 g
56	Glerbrot	Gler.	5854	A	2,6 cm	1,5 cm	0,6 cm	5,9 g
57	Glerbrot	Gler.	5395	B	3,4 cm	2 cm	0,5 cm	7,4 g
58	Keramík	Jarðvegur - Leir - Hvítleir.	5395	B	4 cm	3,2 cm	0,4 cm	5 g
59	Beltissylgja	Málmur - Járn.	5395	B	4,6 cm	2,6 cm	0,7 cm	12,1 g
60	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	5395	B	7 cm	3 cm	3 cm	36,1 g
61	Koparhlutur	Málmur - Kopar - Koparblanda.	5395	B	3 cm	3 cm	0,9 cm	3,8 g
62	Járnbrot	Málmur - Járn.	5854	A	2 cm	1 cm	4 cm	

Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
63	Leirkersbrot	Brenndur leir - Keramik.	5395	B	4,7 cm	2,7 cm	2,6 cm	29 g
64	Koparbrot	Málmur - Kopar.	6900	B	1,5 cm	1 cm	0,5 cm	1,21 g
65	Koparbrot	Málmur - Kopar.	6165	A	1 cm	0,7 cm	2 cm	1,9 g
66	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	5395	B	4 cm	0,5 cm	3,5 cm	11,4 g
67	Nagli	Málmur - Járn.	6165	A	0,5 cm	0,5 cm	10 cm	17,2 g
68	Nagli	Málmur - Járn.	6643	A	2,5 cm	1,5 cm	6,5 cm	13,6 g
69	Pottfótur, Pottbrot	Málmur - Járn.	5854	A	8,5 cm	5 cm		53,8 g
70	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	5395	B	4 cm	2,5 cm	0,5 cm	5,8 g
71	Glerbrot	Gler.	5395	B	3,5 cm	1 cm	1,7 cm	3,3 g
72	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	5395	B	1,8 cm	1,7 cm	0,5 cm	1,4 g
73	Leirker	Jarðvegur - Leir.	5395	B	1,7 cm	1,5 cm	3 cm	7,4 g
74	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	5395	B	2,9 cm	2 cm	1,5 cm	4 g
75	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	5395	B	2 cm	1,9 cm	1,7 cm	3,4 g
76	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	5395	B	3,2 cm	1,5 cm	0,3 cm	2 g
77	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	5395	B	5 cm	3,8 cm	1 cm	19,8 g
78	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	4902	A	2 cm	1,7 cm	0,3 cm	0,9 g
79	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	6643	A	3 cm	3 cm	0,5 cm	6,1 g
80	Koparplata	Málmur - Kopar.	6900	B	4 cm	2,5 cm	0,1 cm	3,91 g
81	Koparplata	Málmur - Kopar.	5395	B	3,5 cm	3 cm	0,1 cm	2,8 g
82	Koparhlutur	Málmur - Kopar.	6900	B	2,2 cm	1 cm	0,1 cm	1,1 g
83	Nagli	Málmur - Járn.	Lausafundur	B	7,1 cm	2 cm	0,7 cm	10,6 g
84	Nagli	Málmur - Járn.	6643	A	2,8 cm	2,5 cm	1 cm	11,3 g
85	Glervara	Gler.	5854	A	3,5 cm	3,5 cm	2,6 cm	12,5 g
86	Leirkersbrot	Brenndur leir - Keramik.	Lausafundur	A	2,7 cm	1,8 cm	0,8 cm	3,6 g
87	Gjall	Málmur.	Lausafundur	B	2,5 cm	2,1 cm	1,3 cm	3,2 g

Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
88	Leirkersbrot	Brenndur leir - Keramik.	Lausafundur	B	4,9 cm	3 cm	0,15 cm	4,4 g
89	Málmur	Málmur - Kopar.	5395	B	3 cm	1,8 cm		5,7 g
90	Málmur	Málmur - Kopar.	6643	A	2,2 cm	1,2 cm		0,6 g
91	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	5854	A	5 cm	3,2 cm	3 cm	33,4 g
92	Glerbrot	Gler.	6522	A	3,6 cm	2,1 cm		5 g
93	Leirker	Brenndur leir - Keramik.	6522	A	1,6 cm	1 cm		1,6 g
94	Krítarpípa	Jarðvegur - Leir.	6643	A	3,3 cm	0,9 cm		3 g
95	Koparbrot	Málmur - Kopar.	5395	B	7,2 cm	7 cm		55,2 g
96	Glerbrot	Gler.	6643	A	4,8 cm	2,7 cm		5 g
97	Brýnisbrot	Bergtegund - Flöguberg.	6900	B	3,7 cm	1,8 cm		7,3 g
98	Járn	Málmur - Járn.	5395	B	13 cm	0,7 cm		24,3 g
99	Krækja	Málmur - Kopar.	5395	B	1,5 cm	0,9 cm		1,1 g
100	járnplata	Málmur - Járn.	6900	B	3,9 cm	4,2 cm		21,7 g
101	Gjall	Bergtegund - Gjall.	6900	B				42 g
102	Innsigli af textíl	Málmur - Blý.	6165	A	2,1 cm	2,9 cm	0,6 cm	10,2 g
103	Gjall	Málmur - Járn - Járngjall.	5665	A	7,7 cm	5,4 cm	2,4 cm	79,3 g
104	Þynna, Járnbrot	Málmur - Járn.	5665	A	3,9 cm	2,9 cm	0,7 cm	14,3 g
105	Járn	Málmur - Járn.	6900	B	6,4 cm	4,4 cm	0,8 cm	11 g
106	Skæri	Málmur - Járn.	6900	B	9,7 cm	4,6 cm	1,8 cm	39 g
107	Hnífur	Málmur - Járn.		A	11,4 cm	1,4 cm	0,6 cm	16 g
108	Járn	Málmur - Járn.	7237	A	3,4 cm	3,1 cm	2,1 cm	10 g
109	Hnappur	Málmur - Járn.	7843	A	2 cm	1,8 cm	0,5 cm	2 g
110	Málmur	Málmur - Málmblanda.	7026	A	15 cm	15 cm	3 cm	1 g
111	Málmur	Málmur.	7237	A	18 cm	17 cm	7 cm	1 g
112	Krókur	Málmur - Kopar.	6900	B	6,1 cm	3,5 cm	0,8 cm	37 g

Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
113	Koparbrot	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6900	B	5,6 cm	1,3 cm	0,5 cm	7 g
114	Koparblanda	Málmur - Kopar.	6900	B	27 cm	1 cm	4 cm	2 g
115	Rónagli	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6900	B	1,8 cm	1,5 cm	0,6 cm	1 g
116	Hringur	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6900	B	2,6 cm	0,8 cm	0,1 cm	3 g
117	Nál	Málmur - Kopar - Koparblanda.	5385	B	4,7 cm	0,1 cm	0,1 cm	0,5 g
118	Koparbrot	Málmur - Kopar.	6900	B	3,1 cm	0,9 cm		1 g
119	Bein, unnið	Bein - Dýrabein.	5395	B	62 cm	31 cm	1 cm	25 g
120	Koparblanda	Málmur - Kopar - Koparblanda.	5856	A	38 cm	3 cm	1 cm	1 g
121	Koparbútur	Málmur - Kopar - Koparblanda.	5395	B	5,9 cm	1,8 cm	0,3 cm	9 g
122	Tinna	Bergtegund - Tinna.	8056	B	3,9 cm	3 cm	1 cm	7 g
123	Tinna	Bergtegund - Tinna.	6900	B	1,9 cm	1,5 cm	0,4 cm	5 g
124	Járn	Málmur - Járn.	6900	B				2 g
125	Járn	Viður. Málmur - Járn.	6900	B	2 cm	2 cm	1 cm	2 g
126	Beltissylgja	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6900	B	3,4 cm	2,2 cm	0,14 cm	4 g
127	Dýrabein	Bein - Dýrabein og tennur	6900	B				765 g
128	Hringur	Málmur - Járn.	6900	A	2,2 cm	0,6 cm	0,4 cm	3 g
129	Koparbrot	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6900	B	3,6 cm	3,5 cm	0,2 cm	7 g
130	Brýni	Flöguberg	6900	B	7 cm	1,5 cm	0,4 cm	10 g
131	Bein	Bein - Dýrabein.	6900	B	4 cm	3,9 cm	0,6 cm	11 g
132	Lykill	Málmur - Járn.	6900	B	7,2 cm	4,9 cm	0,7 cm	26 g
133	Steinn	Bergtegund - Steinn.	6643	A	2,5 cm	2 cm	0,5 cm	2 g
134	Dýrabein, Bein	Bein - Dýrabein - Tönn. Bein - Dýrabein - Fuglsbein. Bein - Dýrabein - Fiskbein. Bein - Bein, brennt.	5395	B				1052 g

Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
135	Tinna	Bergtegund - Tinna.	6165	A	1,6 cm	1,5 cm	0,5 cm	6 g
136	Brýni	Bergtegund - Flöguberg.	6643	A	2,2 cm	1,2 cm	0,9 cm	4 g
137	Nagli	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6165	A	2,4 cm	0,9 cm	0,6 cm	3 g
138	Brýnisbrot		7190	A	25 cm	13 cm	9 cm	3 g
139	Járnlykkja	Málmur - Járn.	5395	B	5,3 cm	1,6 cm	0,6 cm	8 g
140	Skrautsteinn	Bergtegund - steinn	Yfirborðshreinsun	B	1 cm	0,8 cm	0,4 cm	>1 g
141	Brýnisbrot	Bergtegund - Flöguberg.	8056	B	7 cm	1,5 cm	0,7 cm	26 g
142	Leirker	Brenndur leir - Keramík.	6900	B	8,8 cm	6,6 cm	4 cm	63 g
143	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	6900	B	5 cm	4,1 cm	3,8 cm	44 g
144	Leirker	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	7,5 cm	5,6 cm	2,5 cm	80 g
145	Leirker	Brenndur leir - Keramík.	6900	B	9 cm	2,7 cm	0,4 cm	113 g
146	Leirker	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	10,5 cm	4,6 cm	3 cm	91 g
147	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	3,6 cm	3,6 cm	5,1 cm	53 g
148	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir. Jarðvegur - Leir - Hvítleir.	6900	B	5,7 cm	4,4 cm	1 cm	53 g
149	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Steinleir, Rauðleir, Hvítleir.	6900	B	3,7 cm	2,4 cm	0,4 cm	21 g
150	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	4,7 cm	4,7 cm	2,7 cm	86 g
151	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	65 cm	38 cm	17 cm	59 g
152	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	34 cm	21 cm	7 cm	30 g
153	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	6,2 cm	5,4 cm	2,8 cm	77 g
154	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	6,4 cm	3,7 cm	0,6 cm	60 g
155	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	6,5 cm	5,1 cm	4,1 cm	45 g
156	Leirker	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B				13 g

Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
157	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Jarðleir.	6900	B	3 cm	2,7 cm	0,8 cm	34 g
158	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	69 cm	66 cm	7 cm	69 g
159	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	3,9 cm	3 cm	0,9 cm	25 g
160	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B				15 g
161	Leirker	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B				23 g
162	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B	5,2 cm	3,9 cm	0,9 cm	31 g
163	Leirkersbrot	Brenndur leir - Keramik.	6900	B	46 cm	40 cm	2 cm	23 g
164	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Jarðleir.	6900	B	3,7 cm	2,9 cm	0,4 cm	8 g
165	Leirker	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	6900	B				29 g
166	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir.	6900	B	1,3 cm	1,5 cm	1,1 cm	4 g
167	Krítarpípa	Jarðvegur - Leir.	5166	B	2,5 cm	0,5 cm		3 g
168	Rónagli	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6900	B	3,2 cm	2,1 cm	1,6 cm	10 g
169	Nagli	Málmur - Járn.	6900	B	6,4 cm	1,8 cm	9 cm	10 g
170	Nagli	Málmur - Járn.	6900	B				66 g
171	Nagli	Málmur - Járn.	6900	B				213 g
172	Nagli	Málmur - Járn.	6900	B				57 g
173	Nagli	Málmur - Járn.	6900	B				270 g
174	Járn	Málmur - Járn - Járngjall.	6900	B	35 cm	3 cm	2 cm	11 g
175	Járn	Málmur - Járn.	6900	B				46 g
176	Nagli	Málmur - Járn.	6900	B				274 g
177	Krókur	Málmur - Járn.	6900	B	4 cm	1,6 cm	0,7 cm	5 g
178	Járn	Málmur - Járn.	6900	B	5,6 cm	2 cm	0,9 cm	33 g
179	Járnklumpur	Málmur - Járn.	6900	B	5,6 cm	3,9 cm	3 cm	95 g
180	Koparbrot	Málmur - Kopar - Koparblanda.	6900	B	2,7 cm	1,4 cm	1,4 cm	16 g
181	Koparbútur	Málmur - Kopar.	6900	B	6,4 cm	2,5 cm	0,7 cm	20 g
182	Járn	Málmur - Járn.	6900	B				44 g
183	Járn	Málmur - Járn.	6900	B				68 g

Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
184	Járn	Málmur - Járn.	6900	B	3,7 cm	2,7 cm	1,1 cm	30 g
185	Koparbrot	Málmur - Kopar.	6900	B	2,5 cm	1,5 cm		2 g
186	Koparbrot	Málmur - Kopar.	6900	B				3 g
187	Járn	Málmur - Járn.	5665	A	5,7 cm	1,2 cm	0,7 cm	12 g
188	Festing	Málmur - Járn.	6900	B	65 cm	3 cm	5 cm	56 g
189	Járn	Málmur - Járn.	6900	B	6 cm	3,7 cm	1,2 cm	108 g
190	Járn	Málmur - Járn.	6900	B	6,5 cm	1,8 cm	2,7 cm	23 g
191	Járn	Málmur - Járn.	6900	B	4,6 cm	3,5 cm	2,8 cm	34 g
192	Nagli, Járn	Málmur - Járn.	6900	B	3 cm	2,5 cm	0,5 cm	11 g
193	Gler	Gler.	4594	A	21 cm	1 cm	3 cm	2 g
194	Gler	Gler.	6900	B	2 cm	0,8 cm	0,1 cm	0,1 g
195	Gler	Gler.	6900	B	2 cm	3 cm	1 cm	1 g
196	Gjall	Bergtegund - Gjall.	6643	A				76 g
197	Leirkersbrot	Jarðvegur - Leir - Rauðleir.	Lausafundur	A	2,3 cm	3,9 cm	0,2 cm	3 g
198	Járn	Málmur - Járn.	Yfirborðshreinsun	A				17 g
199	Gjall	Málmur - Járn - Járngjall.	Lausafundur	A				14 g
200	Nagli	Málmur - Járn.	5395	B				201 g
201	Járn, Nagli	Málmur - Járn.	5395	B				142 g
202	Járn	Málmur - Járn.	5395	B				146 g
203	Járn, Nagli	Málmur - Járn.	5395	B				71 g
204	Járn	Málmur - Járn - Járnsteypa.	5395	B	31 cm	28 cm	5 cm	1 g
205	Járnblað	Málmur - Járn.	5166	B	73 cm	22 cm	3 cm	17 g
206	Nagli	Málmur - Járn.	5395	B				220 g
207	Járn	Málmur - Járn.	5854	A	3,5 cm	1 cm	1,4 cm	11 g
208	Gjall	Málmur.	5854	A	67 cm	3 cm	13 cm	13 g
209	Járn	Málmur - Járn.	6165	A				105 g
210	Járn, Nagli	Málmur - Járn.	6165	A				86 g
211	Hnífur	Málmur - Járn.	6165	A	7 cm	1,3 cm	0,4 cm	11 g
212	Járn	Málmur - Járn.	6165	A	26 cm	1 cm	6 cm	1 g
213	Koparbrot	Málmur - Kopar.	6165	A	3,8 cm	3 cm	1 cm	4 g
214	Járn	Málmur - Járn.	8056	B				62 g

Fundanúmer 2019-36-	Heiti	Efni	Nr. lags	Svæði	Lengd	Breidd	Hæð	Vigt
215	Gjall	Gjallmolar	8056	B				47 g
216	Nagli	Málmur - Járn.	8056	B				48 g
217	Leirker	Brenndur leir - Keramik.	8056	B	4,8 cm	4,3 cm	0,6 cm	64 g
218	Festing, Járn	Málmur - Járn.	8056	B				22 g
219	Járn	Málmur - Járn.	8056	B				17 g
220	Nagli	Málmur - Járn.	8056	B				37 g
221	Gjall	Málmur - Járn - Járngjall.	8056	B				33 g
